

## Ályktun aðalfundar Samtaka fiskvinnslustöðva 26. september 2008

Á aðalfundi Samtaka fiskvinnslustöðva sem haldinn var í dag voru lagðar fram upplýsingar um þróun heildarafla, hráefniskostnaðar, afurðaverðs, gengis og annarra útgjaldaliða er ráða mestu um afkomuna.

Þessi gögn staðfesta misjafna afkomu vinnslugreina og sjávarútvegsins í heild. Verðlag á íslenskum sjávarafurðum áerlendum mörkuðum hefur haldist hagstætt að undanskildum afurðum rækjuvinnslunnar. Áhrif 33% minnkunar á þorskveiðiheimildum hefur komið mjög illa við öll fyrirtæki í sjávarútvegi og minnkað til muna þá framlegð sem þarf að vera eftir í fyrirtækjunum. Gengi krónunnar hefur gefið mikið eftir frá því í mars á þessu ári og hefur það skilað sér í hærra skilaverði til útflutningsgreina. Á móti kemur að erlendar skuldir og ýmis aðföng til sjávarútvegs hafa hækkað að sama skapi. Þá hefur verðbólga innanlands farið vaxandi og sama gildir um fjármagnskostnað fólks og fyrirtækja. Engu að síður hafa áhrif gengis-breytinganna verið jákvæð og aukiðrekstrartekjur og framlegð fyrirtækja í sjávarútvegi. Hagsmunir sjávarútvegsins felast ekki í miklu flókti á gengi íslensku krónunnar umfram aðra gjaldmiðla, heldur í stöðugra gengi hennar-jafnvægisgengis- þar sem horft verði til mikilvægisútflutnings- og samkeppnisgreina.

Aðalfundur Samtaka fiskvinnslustöðva ítrekar þá skoðun að Seðlabankinn lækki verulega stýrivexti sem allra fyrst, en barátta bankans við þensluna undanfarin ár með háum stýrivöxtum hefur litlu skilað, en bitnaði mjög illa á útflutningsgreinum, þar sem þessir háu stýrivextir héldu uppi of háu gengi krónunnar um langan tíma.

Aðalfundurinn skorará stjórnvöld að láta fara fram nú þegar endurskoðun á lögum um Seðlabanka Íslands og þar verðifleiri þættir en verðbólguþröskulmið látnir ráðavið stjórn peningamála, svo sem jafnvægi í viðskiptum við útlönd. Jafnframt hefjistsem fyrst boðuð úttekt stjórnvalda á efnahags- og peningamálastjórnun í landinu.

Aðalfundur Samtaka fiskvinnslustöðva fagnar því að nú fer senn að sjá fyrir endann á undirbúningi verkefnis sem unnið hefur verið að í víðtæku samstarfihagsmunadila um íslensk „umhverfismerki“ fyrir sjávarafurðir og vottun ábyrgra fiskveiða á Íslandsmiðum. Hér er um mjög mikilvægt mál fyrir íslenskan sjávarútveg að ræða, þar sem lögð hefur verið mikil áhersla á skipulögð og vönduð vinnubrögð við allan undirbúning verksins.

Aðalfundurinn skorar á Alþingi að ljúka umræðum og samþykkja frumvarp um nýja matvælalöggjöf, en frumvarpið er sniðið að matvæla-löggjöf ESB. Fundurinn leggur áherslu á mikilvægi þess að frumvarpið verði að lögum nú í haust og jafnframt verði sú breyting gerð á frumvarpinu að fyrirtækjum verði áfram heimilt að semja við sjálfstæðar skoðunarstofur um framkvæmd skilgreinds eftirlits.

Aðalfundurinn skorar á sjávarútvegsráðherra að endurmeta nú þegar úthlutun á þorski og síld á yfirstandandi fiskveiðiári.